

**Nd.**

**537. Nefndarálit**

**[97. mál]**

um frv. til laga um áætlunarráð ríkisins.

Frá 3. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég tel það skynsamlega ráðstöfun að fela sérstakri nefnd manna eða ráði að semja heildaráætlun um verklegar framkvæmdir og framfarir í atvinnumálum til þess að tryggja næga atvinnu, aukningu framleiðslunnar og þjóðarteknanna.

Í lögum um slíka áætlunarstofnun ætti að ákveða í aðalatriðum, að hverju skuli stefna við samningu áætlana og framkvæmd þeirra. Þar þarf að marka þá stefnu, að öll byggileg svæði landsins verði setin og auðlindir þess notaðar, hvar sem þær eru, svo og fiskimiðin umhverfis landið. Á þeim grundvelli á að gera áætlanir um ræktun landsins, endurnýjun og aukningu fiskiskipaflotans, afurðavinnslustöðvar og aðrar iðnaðarstöðvar, byggingar og nauðsynlegar framkvæmdir vegna opinberrar þjónustu. Allir landsmenn, hvar sem þeir búa á landinu, eiga að njóta sem jafnastra lífskjara og lífspæginda, og við það á að miða staðsetningu atvinnufyrirtækja, samgöngubætur, raforkuframkvæmdir, byggingu heilsuverndarstöðva og sjúkrahúsa, skóla og annarra menningarstofnana o. s. frv.

Að því leyti sem ríkið á hlut að uppbyggingu atvinnulífsins og öðrum framfaramálum með fjárframlögum eða á annan hátt, á Alþingi að taka ákvarðanir um þau mál, þó að sérstakri nefnd sé falið að gera áætlanir til undirbúnings framkvæmdunum.

Nú er liðið að þinglokum og ekki horfur á, að frumvarp þetta verði afgreitt sem lög frá þessu þingi. En verði meðferð þess haldið áfram í þingdeildinni, mun ég bera fram breytingartillögur í samræmi við það, sem hér hefur verið fram tekið.

Alþingi, 12. maí 1959.

Skúli Guðmundsson,  
form.